

## Tillögur um tilraunaverkefni um rafræna upplýsingagjöf

1. Tillaga um að búa til viðmótið  á ensku *Can I help you?* – á síðu Reykjavíkurborgar sem gefur til kynna að upplýsingar eru líka veittar á ensku.

Ábyrgð: Þjónustuhönnun innan ÞON  
**Kostnaður:** Innan ramma ÞON og MAR

2. Tillaga um þýðingar á Spurt og svarað á vef, FAQ, á ensku og pólsku <https://reykjavik.is/algengar-spurningar-og-svor>

Ábyrgð: Texti MAR og uppsetning ÞON  
**Kostnaður:** Innan ramma ÞON og MAR

3. Tillaga um svör við algengum spurningum um málefni innflytjenda, FAQ, með spurningum sem varða innflytjendur. Efnið yrði sett á vef.

Ábyrgð: Texti MAR og uppsetning ÞON  
**Kostnaður:** Innan ramma ÞON og MAR

4. Tillaga um að þjálfun tveggja þjónustufulltrúa þjónustuværs í samstarfi við sérfræðinga mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu auk þess að vinna upplýsingaefni. Í þjálfunni felst meðal annars námskeið í menningarnæmni og færni í upplýsingagjöf fyrir innflytjendur.

Ábyrgð: Þjálfun MAR og þátttaka ÞON  
**Kostnaður:** Innan ramma ÞON og MAR

5. Tillaga um vinnutengt enskunámskeið fyrir þjónustufulltrúa. Enska er oft samskiptatungumál innflytjenda og erlendra gesta og mikilvægt að þjálfun þjónustufulltrúa sé tryggð.

Ábyrgð: ÞON í samstarfi við fræðsluáætlun MOS  
**Kostnaður:** 700 þúsund

6. Tillaga um sérstakt átak í upplýsingagjöf á vegum Reykjavíkurborgar fyrir innflytjendur. Auglýsa þarf fyrir notendahópnum t.d. á samfélagsmiðlum, innflytjendahópnum og innflytjendafjölmíðlum að mögulegt sé að fá upplýsingar um þjónustu á öðrum tungumálum en íslensku, þegar slík þjónusta hefur verið útfærð eins og lýst er í tillögum 1-6.

Ábyrgð: MAR  
**Kostnaður:** Innan ramma MAR

**Heildarkostnaður:** 700 þúsund.